

**137. fundur Skipulags- og umhverfissráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
9. desember 2019 og hófst hann kl. 10:15.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður og Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fundargerð ritaði:** Sigurður Páll Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

**Fyrir tekið:**

**1. 1912036 - Málefni Sorpurðunar Vesturlands**

*Bæjarráð vísaði erindi frá Sorpurðun Vesturlands um hugmyndir að breyttri gjaldskrá til Skipulags -og umhverfissráðs.*

*Varðandi breytingar á gjaldskrá vill Skipulags- og umhverfissráð benda á nokkur atriði áður en ákvarðanir um breytingar á henni verða gerðar:*

*Fyrir liggja kostnaðargreining og formleg samþykkt sveitarfélaga sem standa að Sorpurðun Vesturlands á þeim aðgerðum sem fyrir liggja. Má nefna í því tilliti m.a. aðgerðir sem snúa að meðhöndlun á lífrænu sorpi eftir að hætt verður að urða það í Fíflholti og kaup á brennsluofnum vegna dýrahæja o.s.frv.*

*Horft verði til lífskjarasamnings þar sem samstaða er um að hámarksverðhækkanir gjaldskráa skulu ekki verða meiri en 2.5%.*

*Í ljósi þess að stefnt er að því að hætta að urða lífrænt sorp í Fíflholti 2021 telur Skipulags - og umhverfissráð mikilvægt að sem fyrst verði fundinn farvegur um meðhöndlun á því sorpi í samvinnu við Sorpurðun Vesturlands.*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:30.**

Ragnar Sæmundsson  
Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir  
Ólafur Adolfsson  
Sigurður Páll Harðarson